

## I. EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

## II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA

94/EES/48/01

Auglýsing samkvæmt 3. mgr. 19. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls varðandi mál nr. COM 0006 - Metsæteollisuus Ry - Skogsindustrin rf. og mál nr. COM 0105 - Maa- ja metsätaloustuottajain Keskusliitto MTK r.y..... 01

3. EFTA-dómstóllinn

## III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

94/EES/48/02

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.475- Shell Chimie/Elf Atochem)..... 04

94/EES/48/03

Ríkisaðstoð - C 39/94 (ex NN 55/94) - Ítalía..... 05

94/EES/48/04

Ríkisaðstoð - C 44/93 (ex N 335/B/91) - Ítalía..... 05

94/EES/48/05

Ríkisaðstoð - C 12/94 (ex NN 11/94) - Ítalía..... 05

94/EES/48/06

Ríkisaðstoð - C 21/94 (ex N 415/93) - Ítalía..... 06

94/EES/48/07	Auglýsing samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62 um beiðni um að mótmælum verði ekki hreyft eða undanþágu samkvæmt 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans (Mál nr. IV/34.516 - PolyGram/Sony/Warner).....	06
94/EES/48/08	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.504 - Avesta III).....	06
94/EES/48/09	Drög að auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar nr. 17.....	07
94/EES/48/10	Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni (Mál nr. IV/35.226 - Texas Instruments/Samsung).....	07
94/EES/48/11	Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 7. 11. til 11. 11. 1994.....	08
94/EES/48/12	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir.....	10
94/EES/48/13	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.535 - Mannesmann Demag/Delaval Stork).....	11
94/EES/48/14	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.525 - Vox (II)).....	12
94/EES/48/15	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.521 - Viag/Sanofi).....	12
94/EES/48/16	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.534 - Bayer AG/Hoechst AG).....	13
94/EES/48/17	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.532 - Cable and Wireless plc/Schlumberger Ltd.).....	14
94/EES/48/18	Stuðningur við milliþjóðasamvinnu handverksfyrirtækja og lítilla fyrirtækja Útboð nr. 504/94.....	15
<b>3. Dómstóllinn</b>		
94/EES/48/19	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna.....	18
94/EES/48/20	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi.....	20

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

**94/EES/48/01**

**Auglýsing samkvæmt 3. mgr. 19. gr. II. kafla bókunar 4  
við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og  
dómstóls varðandi mál nr. COM 0006 - Metsætolliuus Ry -  
Skogsindustrin rf. og mál nr. COM 0105 - Maa- ja  
metsätaloustuottajain Keskusliitto MTK r.y.**

### A. Umsóknir og tilkynningar

1. Þann 28. apríl 1994 tilkynnti Metsætolliuus Ry - Skogsindustrin rf. (finnsku skógiðnaðarsamtökin, hér á eftir nefnd „samtökin“) eftirlitsstofnun EFTA um samning sem gerður var 18. mars 1994 milli samtakanna og Maa- ja metsätaloustuottajain Keskusliitto MTK r.y. (samband finnskra bænda og skógræktarmanna, hér á eftir nefnt „MTK“) þar sem sótt er um að mótmælum verði ekki hreyft sem grundvallast á 2. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (ESE-samninginn) og staka undanþágu samkvæmt 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins ef umsókninni er hafnað.
2. Þann 27. september 1994 barst eftirlitsstofnun EFTA umsókn um að mótmælum verði ekki hreyft og til vara tilkynning til þess að fá staka undanþágu frá MTK vegna þessa sama samnings. Samkvæmt ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA og með samþykki málsaðila verður fjallað um þessi mál sameiginlega.

### B. Málsaðilar

3. Samtökin mynda finnsk fyrirtæki og aðildarsamtök þeirra sem eru starfrækt í skógariðnaði og tengdri starfsemi, og fara með mál sem tengjast stefnumótun í iðnaði og atvinnumálum. Um er að ræða frjáls samtök opin fyrirtækjum sem eru starfrækt í iðnaði og á skyldum sviðum. Þegar tilkynningin var send voru 115 aðilar í samtökunum.
4. MTK eru innlend viðskipta- og hagsmunasamtök bænda, skógareigenda og annarra athafnamanna á dreifbýlissvæðum sem starfa við landbúnað og skógrækt í Finnlandi. Félög skógræktarmanna og bænda geta fengið aðild að þessum samtökum. Í skógræktarnefnd MTK eru skógareigendur, þ.e. timbursalar sem semja um timburviðskipti.

### C. Málsmeðferð

5. Þann 20. júlí 1994 hóf eftirlitsstofnun EFTA málsmeðferð í samræmi við 53. gr. EES-samningsins vegna fyrstu tilkynningarinnar sem byggðist á forathugum sem benti til þess að tilkynntur samningur stuðlaði að verðsamráði og skiptingu á svæðisbundnum markaði, sem samkvæmt 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins er afdráttarlaust bannað, og að á grundvelli upplýsinga sem eftirlitsstofnun EFTA hafði þá undir höndum væri ekki unnt að veita undanþágu. Samtökunum var tilkynnt formlega um þessi andmæli og um áform eftirlitsstofnunar EFTA að afturkalla undanþágu frá sektum samkvæmt 6. mgr. 15. gr. 2. kafla bókunar 4 við ESE-samninginn.

#### D. Samningarnir

6. Eftir tilkynninguna frá MTK og að höfðu samráði við eftirlitsstofnun EFTA hafa málsaðilar gert með sér nýjan samning sem er dagsettur þann 21 nóvember 1994 um langtímapróun varðandi samkeppni í viðskiptum með trjáboli. Með samningnum fylgir viljayfirlýsing undirrituð sama dag af málsaðilum um að bæta starfsemi markaðarins með trjáboli og auka samkeppni í áföngum. Bæði skjölin hafa verið lögð fyrir eftirlitsstofnun EFTA.
7. Með þessum nýja samningi afturkalla málsaðilar samninginn sem tilkynntur var upphaflega og aðrar ákvarðanir sem teknar voru í tengslum við þann samning, að því undanskildu að meginreglurnar um ákvörðun á meðalverði og svæðisbundin uppbotarverð gilda þar til 28. febrúar 1995.
8. Markmið nýja samningsins er að leggja varanlegan grundvöll að samkeppnishæfum viðskiptum á markaðinum með trjáboli sem tryggja mun heilbrigða þróun efnahagslífsins með því að nýta skógarauðlindir á sem bestan hátt, með því að sjá iðnaðinum fyrir nægum birgðum af trjábolum, með því að tryggja verðsamkeppni á trjábolum, með því að tryggja að skógum í einkaeigu sé stjórnað á hagkvæman hátt á grundvelli sjálfbærrar þróunar, með því að hvetja til tæknilegrar og efnahagslegrar þróunar, með því að taka mið af hagsmunum neytenda og í samræmi við ákvæði samkeppnislaga og reglna. Til að ná þessu markmiði hafa málsaðilar í hyggju að koma á jafnvægi í framboði og eftirspurn á markaðinum á hverjum tíma og við allar hugsanlegar markaðsaðstæður.
9. Til að tryggja snurðulausa starfsemi trjábolsmarkaðarins hafa málsaðilar í hyggju að veita hvor öðrum áreiðanlegar upplýsingar um þróun verðs eins og það er raunverulega á hverjum tíma til að ná nauðsynlegu gagnsæi á markaðinum. Til þess að slíkar upplýsingar séu tiltækar jafnt birgjum og kaupendum er kveðið á um gæðastöðlun í samningnum og munu málsaðilar leggja sig fram við að veita hvor öðrum þessar markaðsupplýsingar. Staðlar fyrir grunnmælingar og gæði eru hvorki bindandi fyrir fyrirtæki né birgja sem er frjálst að semja um gæði og áhrif þeirra á verð í hverjum viðskiptum.
10. Markaðsverð á mismunandi svæðum og fyrir mismunandi timburtegundir skal ákveðið sérstaklega í samningnum milli fulltrúa kaupenda og birgja. Þó skal það verð sem notað er í einstökum viðskiptum ávallt ákveðið sérstaklega af þeim aðilum sem hlut eiga að kaupnum.
11. Til að koma í veg fyrir erfiðleika í tengslum við afhendingu á trjábolum og til að forðast að slíkar aðstæður þróist frekar, og til að stuðla að samkeppnishæfum viðskiptum, skulu málsaðilar funda, að beiðni annars hvors aðilans, til að komast að gagnkvæmum skilningi um verðþróun á trjábolum og aðferðir til að viðhalda nægilegu magni. Slíkur gagnkvæmur skilningur felst í því að samið er sérstaklega um timbur fyrir sögunarmyllur og trjákvoðu án þess að greinarmunur sé gerður á mismunandi timburtegundum og skal eingöngu gilda í takmarkaðan tíma og er ekki bindandi í einstökum kaupum.
12. Til að tryggja nægilegt framboð munu samtökin gefa upp magnið sem þarf frá einkaskógum og MTK skal sjá til þess að markaðurinn sé birgður í slíku magni af timbri úr einkaskógum sem þarf til að anna eftirspurn eftir ýmsum timburtegundum frá iðnaðinum.
13. Málsaðilar skulu á engan hátt hindra eða hafa eftirlit með innflutningi eða útflutningi á trjábolum.
14. Með viljayfirlýsingunni munu málsaðilar koma á vinnuhópi til að rannsaka og þróa nýjar aðferðir og leiðir til að gera viðskipti með trjáboli samkeppnishæfari og tryggja snurðulausa starfsemi markaðarins til lengri tíma. Vinnuhópurinn skal meðal annars þróa tölfræðilegar upplýsingar, ýmsar gerðir samninga, rannsaka og greina möguleika á að innleiða kauphallarskráningarkerfi á finnska timburmarkaðinum, þróa uppboð á trjábolum, svæðisbundið samstarf framleiðenda, svo og nýtingu til langs tíma á sölu- og kaupvalkostum vegna sölu á trjábolum og verðbréfum. Vinnuhópurinn skal reglulega gefa skýrslu um framvindu mála og skal leggja fram fyrstu tillögur að raunhæfum aðgerðum eigi síðar en 28. febrúar 1995.

**E. Markaðurinn**

15. Í Finnlandi eiga 430.000 aðilar skóglendi. Þessir aðilar eiga 63% af heildarskóglendi í Finnlandi. Af þeim eru 32% félagar í MTK. Af öðru skóglendi er 24% í eigu ríkisins, 9% í eigu iðnaðarins og 4% í eigu annarra. Iðnaðurinn er háður trjábolssbirgðum úr skógum í einkaeigu. Talið er að árið 1993 hafi timburframleiðslan í Evrópu verið um 144.000.000 rúmmetrar. Sama ár keyptu félagar í samtökunum u.þ.b. 21 milljón rúmmetra af timbri úr skógum í einkaeigu og fluttu inn u.þ.b. 7 milljónir rúmmetra. Heildarmagn sem finnski iðnaðurinn keypti árið 1993, var u.þ.b. 5 milljónir rúmmetrar af timbri úr skógum í eigu ríkisins og u.þ.b. sama magn úr skógum í eigu iðnaðarins. Allur iðnaðurinn vann u.þ.b. 51 milljón rúmmetra af timbri árið 1993. Að meðaltali fara fram 150.000 timburkaup ár hvert í Finnlandi. Meðalviðskipti taka til 350 til 450 rúmmetra af timbri. Virði innanlandskaupa árið 1993 var 4000 til 6000 milljónir FIM og virði innflutnings u.þ.b. 1200 milljónir FIM.

**F. Áform eftirlitsstofnunar EFTA**

16. Eftirlitsstofnun EFTA áformar að taka jákvæða afstöðu til samninganna sem stuttlega er fjallað um hér að framan. Áður en það er gert gefur hún gefur hagsmunaaðilum kost á að senda athugasemdir sínar, innan mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar og tilgreina tilvísunarnúmer, á eftirfarandi heimilisfang:

EFTA Surveillance Authority  
Competition Directorate  
Rue Marie-Thérèse 1-3  
1040 Brussels  
Belgium

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.475- Shell Chimie/Elf Atochem)

94/EES/48/02

1. Framkvæmdastjórnninni barst 21. 11. 1994 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækin Shell Chimie SA og Elf Atochem SA öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yferráð yfir SNC Dorlyl sem áður var undir yferráðum Shell Chimie SA.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
  - Elf Atochem SA: efni unnin úr jarðolíu eða jarðgasi, sérvörur sem innihalda klór og P.V.C.
  - Shell Chimie SA: efni unnin úr jarðolíu eða jarðgasi, íblöndunarefni, P.V.C.
  - SNC Dorlyl: P.V.C. efnasambönd, einkum til notkunar í hol mót.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórnninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 328, 25. 11. 1994. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.475 - Shell Chimie/ Elf Atochem, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Ríkisaðstoð**  
**C 39/94 (ex NN 55/94)**  
**Ítalía**

**94/EES/48/03**

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar aðstoðina sem Ítalía veitti vegna endurskipulagningar IRITECNA-samstæðunnar (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 328, 25. 11. 1994).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB, við:

Commission of the European Communities  
Rue de la Loi 200  
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Ítalíu.

**Ríkisaðstoð**  
**C 44/93 (ex N 335/B/91)**  
**Ítalía**

**94/EES/48/04**

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar aðstoðina sem Ítalía bauð Società Ittica Europea (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 330, 26. 11. 1994).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB, við:

Commission of the European Communities  
Rue de la Loi 200  
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Ítalíu.

**Ríkisaðstoð**  
**C 12/94 (ex NN 11/94)**  
**Ítalía**

**94/EES/48/05**

Framkvæmdastjórnin hefur lokið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar aðstoðina sem Ítalía bauð ENICHEM S.p.A. (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 330, 26. 11. 1994).

**Ríkisaðstoð**  
**C 21/94 (ex N 415/93)**  
**Ítalía**

**94/EES/48/06**

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans að því er varðar ákveðna aðstoð sem yfirvöld í héraðinu Abruzzo ákváðu að veita til fiskveiðimála (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 325, 23. 11. 1994).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjttíð. EB, við:

Commission of the European Communities  
Rue de la Loi 200  
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Ítalíu.

**Auglýsing samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62 94/EES/48/07**  
**um beiðni um að mótmælum verði ekki hreyft eða undanþágu**  
**samkvæmt 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans**  
**(Mál nr. IV/34.516 - PolyGram/Sony/Warner)**

Í máli nr. IV/34.516 - PolyGram/Sony/Warner, hyggst framkvæmdastjórnin taka jákvæða afstöðu samkvæmt 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans. Hún hefur birt útdrátt úr tilkynningu þar að lútandi í Stjttíð. EB nr. C 330, 26. 11. 1994 samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62<sup>(1)</sup>. Málið varðar myndun fyrirtækis um sameiginlegt verkefni af hálfu PolyGram, Sony og Warner. Markmið þessarra dótturfyrirtækja er að stýra „klúbb“ sölu á hljómfletningstækjum og hljóð- og myndmiðlunarhugbúnaði til heimanotkunar, af hálfu móðurfyrirtækja þeirra.

Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að senda athugasemdir sínar, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjttíð. EB, og tilgreina tilvísunarnúmer IV/34.516 - PolyGram/Sony/Warner, til:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition, IV/B/4  
Rue de la Loi 200  
B-1049 Brussels

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu**  
**(Mál nr. IV/M.504 - Avesta III)**

**94/EES/48/08**

Framkvæmdastjórnin ákvað 20. 10. 1994 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(2)</sup>. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels  
Bréfasími: +32 2 296 43 01

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. 13, 21. 12. 1962, bls. 204.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjttíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.



**Drög að auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 94/EES/48/09**  
**3. mgr. 19. gr. reglugerðar nr. 17**

Framkvæmdastjórninni barst 14. 2. 1992 tilkynning frá franska fyrirtækinu Chanel SA varðandi dreifingarkerfi á úrum sem eru seld undir vörumerkinu Chanel í öllum löndum bandalagsins. Í kjölfar afskipta framkvæmdastjórnarinnar breytti Chanel nokkrum ákvæðum sem upphaflega leiddu til erfiðleika í tengslum við samkeppni. Með hliðsjón af breytingunum sem Chanel gerði hefur framkvæmdastjórnin í hyggju að ljúka málinu með því að senda stjórnsýslubréf.

Áður en framkvæmdastjórnin sendir bréfið gefur hún þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að senda athugasemdir sínar, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB nr. C 330, 26. 11.1994, undir tilvísunarnúmeri IV/34.228, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition  
Division IV/D-5  
Rue de la Loi 200  
B-1049-Brussels

**Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni 94/EES/48/10**  
**(Mál nr. IV/35.226 - Texas Instruments/Samsung)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 13. september 1994 tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62<sup>(1)</sup>, myndað af Texas Instruments, bandarísku fyrirtæki með dótturfyrirtæki í EB, og Samsung, kóresku fyrirtæki. Samkvæmt tilkynnta samningnum munu fyrirtækin hefjast handa við að fjárfesta sameiginlega í standsetningu verksmiðju sem nú er í eigu og starfrækt af samstæðunni Texas Instruments. Í kjölfar þessara fjárfestinga mun verksmiðjan setja saman og prófa tvær aðskildar framleiðslulínur öreindavara fyrir Texas Instruments og Samsung. Framleiðsluvörur verksmiðjunnar verða eingöngu seldar til móðurfyrirtækjanna.
2. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að fyrirtækið um sameiginlega verkefnið sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins nr. 17.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi aðgerðina á framfæri við sig.

Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 330, 26. 11. 1994. Unnt er að senda athugasemdirnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 98 09) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/35.226, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B - Office 3/68  
150, avenue de Cortenberg  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204/62.

**Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin  
sendi ráðinu á tímabilinu 7. 11. til 11. 11. 1994**

94/EES/48/11

Þessi skjal er unnt að fá hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna

Kóði	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt af framkvæmd-astjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Blaðsíðu- ufjöldi
COM(94) 460	CB-CO-94-512-EN-C <sup>(1)</sup>	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins um „samning um að virða eðlileg samkeppnisskilyrði í iðnaði tengdum skipasmíðum og -viðgerðum sem rekinn er í viðskiptaskyni“ innan ramma OECD Tillaga að ákvörðun ráðsins um gerð samnings um að virða eðlileg samkeppnisskilyrði í iðnaði tengdum skipasmíðum og -viðgerðum sem rekinn er í viðskiptaskyni	3.11.1994	8.11.1994	122
COM(94) 465	CB-CO-94-494-EN-C	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins um hagvöxt og umhverfi: nokkrar forsendur fyrir stefnumótun í efnahagsmálum	3.11.1994	8.11.1994	21
COM(94) 475	CB-CO-94-500-EN-C	Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins og Evrópuþingsins um framkvæmd 9. gr. tilskipunar ráðsins 89/398/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um séræði	7.11.1994	8.11.1994	6
COM(94) 380	CB-CO-94-493-EN-C	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um að styrkja samkeppnishæfni evrópska vélsmiðaiðnaðarins	25.10.1994	9.11.1994	29
COM(94) 413	CB-CO-94-443-EN-C	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um aðgerðaáætlun bandalagsins til að koma í veg fyrir eyðni og aðra smitandi sjúkdóma innan ramma aðgerða á sviði almannaheilbrigðis Tillaga að ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins um að samþykkja aðgerðaáætlun bandalagsins til að koma í veg fyrir eyðni og aðra smitandi sjúkdóma innan ramma aðgerða á sviði almannaheilbrigðis	9.11.1994	9.11.1994	60
COM(94) 481	CB-CO-94-508-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um sjöundu breytingu á reglugerð (EBE) nr. 3094/86 um tilteknar tæknilegar ráðstafanir vegna verndunar fiskveiðiauðlinda	9.11.1994	9.11.1994	11
COM(94) 444	CB-CO-94-511-EN-C	Tillaga að tilskipun ráðsins um breytingu á tilskipun 90/684/EBE um aðstoð til skipasmíða	12.10.1994	10.11.1994	8
COM(94) 480	CB-CO-94-506-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um viðurkenningu á tryggingum og ábyrgðum sem lagðar eru fram samkvæmt sameiginlegu landbúnaðarstefnunni og um niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 352/78	8.11.1994	10.11.1994	7

<sup>(1)</sup> „EN“ vísar til enska COM-skjalsins.

Kóði	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt af framkvæmd-astjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Blaðsíðu- ufjöldi
COM(94) 490	CB-CO-94-519-EN-C	Álit framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt d-lið 2. mgr. 189. gr. b í EB-sáttmálanum um breytingar Evrópuþingsins á sameiginlegri afstöðu ráðsins varðandi tillögu að ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins um að samþykkja þriðja stig áætlunarinnar „Æskan fyrir Evrópu“ sem stuðlar að þróun ungmennaskipta og æskulýðsstarfs innan bandalagsins. Til breytingar á tillögu framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 2. mgr. 189. gr. a í EB-sáttmálanum	10.11.1994	10.11.1994	14
COM(94) 482	CB-CO-94-509-EN-C	Tillaga að tilskipun ráðsins um breytingu á I. og II. viðauka við tilskipun 90/642/EBE um hámarksmagn varnarefna í og á tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum og um gerð skráar yfir hámarksmagn varnarefna  Tillaga að tilskipun ráðsins um breytingu á viðaukum við tilskipanir ráðsins 86/362/EBE og 86/363/EBE um hámarksmagn varnarefna í og á kornvörum og matvælum úr dýraríkinu	11.11.1994	11.11.1994	46
COM(94) 502	CB-CO-94-528-EN-C	Álit framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt d-lið 2. mgr. 189. gr. b í EB-sáttmálanum um breytingar Evrópuþingsins á sameiginlegri afstöðu ráðsins varðandi tillögu að ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins um að koma á bandalagsaðgerðaráætluninni „Sókrates“. Til breytingar á tillögu framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 2. mgr. 189. gr. a í EB-sáttmálanum	11.11.1994	11.11.1994	24

## Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

94/EES/48/12

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. (Stjtið. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE. (Stjtið. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni.

Tilvísun <sup>(1)</sup>	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils <sup>(2)</sup>
94-0270-D	Tæknilegar reglur varðandi lyftur „einfaldaðar fólkslyftur“ - TRA 1300 -	6.12.1994
94-0271-F	Úrskurður til viðbótar úrskurði frá 15. apríl 1912 um framkvæmd laga frá 1. ágúst 1905 um svik og rangtúlkun í tengslum við afurðir eða þjónustu sem varðar matvæli, einkum kjöt, unnar kjötvörur, ávexti, matjurtir, fisk og niðurlagðar vörur	2.12.1994
94-0272-UK	TR2174 NMCS2 Afkastaforskrift fyrir Midas-kerfi	8.12.1994
94-0273-UK	ECAR þáttur S 1. útgáfa - Litlar, léttar flugvélar	8.12.1994
94-0274-UK	Hönnun samkvæmt 6. gr. 22. þáttar um kröfur varðandi festingar fyrir tengingu notendabúnaðar við almenna sírstöðvakerfið (PSTN) í Breska konungsríkinu. Að undanskildum símtækjum með taltöl og heymartöl á einu handfangi	13.12.1994
94-0275-UK	ECAR þáttur T - Léttar þyrilflugur	8.12.1994
94-0276-D	Reglugerð um breytingu á reglugerð um ölkelduvatn og drykkjarvatn	13.12.1994
94-0277-B	Tækniforskrift um samþykkt símsvara og tækja sem eru bæði símsvarar og upptökutæki sem á að tengja við almenna belgíska sírstöðvakerfið (PSTN) (BE-SP-206, útgáfa frá 28-02-94)	15.12.1994
94-0278-B	Viðurkenningartækniforskrift fyrir bréfsímtæki í hópi 3 sem á að tengja við almenna belgíska sírstöðvakerfið (PSTN) (BE-SP-210, útgáfa frá 28-02-94)	15.12.1994
94-0279-B ( <sup>3</sup> ) ( <sup>4</sup> )	Viðurkenningartækniforskrift fyrir sjálfvirkan tengibúnað sem á að tengja við almenna belgíska sírstöðvakerfið (PSTN) (BE-SP-216, útgáfa frá 06-06-94)	15.12.1994

Framkvæmdastjórnin veur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjtið. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru faanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.

(<sup>1</sup>) Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

(<sup>2</sup>) Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

(<sup>3</sup>) Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

(<sup>4</sup>) Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram  
(Mál nr. IV/M.535 - Mannesmann Demag/Delaval Stork)**

94/EES/48/13

1. Framkvæmdastjórninni barst 18. 11. 1994 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem Mannesmann Demag AG öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, heildaryfirráð yfir starfsemi IMO Industries Inc. sem lýtur að hverfilvélum og 50% af hluta þess í Delaval Stork VOF, sem er fyrirtæki í eigu IMO Industries Inc. og Stork NV.
2. Atvinnuvegurinn sem um ræðir annast framleiðslu á og viðhaldsþjónustu fyrir loftþjöppur, gufuhverfla og vatnsskömmunardælur.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 333, 29. 11. 1994. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.535 - Mannesmann Demag/Delaval Stork, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram  
(Mál nr. IV/M.525 - Vox (II))**

94/EES/48/14

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. 11. 1994 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem Canal + S.A., News International plc („News International“), undir yfirráðum News Corporation Limited („News Corporation“) og Ufa Film- und Fernseh-GmbH („Ufa“) sem tilheyrir Bertelsmann-samstæðunni öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækinu Vox Film- und Fernseh-GmbH & Co. KG („Vox KG“) og aðalmeðeiganda þess Vox Film- und Fernseh-Geschäftsführungsgesellschaft mbH („Vox mbH“) með hlutabéfaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
  - Canal + : Sjónvarpsútsendingar, markaðssetning áskriftarsjónvarpsstöðva, framleiðsla á sjónvarpsþáttum og -kvikmyndum.
  - News International: Prentun og útgáfa dagblaða innanlands í Breska konungsríkinu, þróun og sala á hugbúnaði vegna takmörkunar á aðgangi, geymsla, flutningar og útvegum á gervihnattasjónvarpi í Breska konungsríkinu og Lýðveldinu Írlandi.
  - Ufa: Eignarhaldsfyrirtæki fyrir viðskipti Bertelsmann á sviði rafeindafjölmiðlunar.
  - Bertelsmann Group: Útgáfa á bókum og tímaritum; bókaklúbbur; útgáfa og dreifing á hljómplötum; einkasjónvarp.
  - Vox: Framleiðsla og útsending sjónvarpsþátta, kaup og sala á dagskrárþáttum og dagskrárþáttaréttindum.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 333, 29. 11. 1994. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.525 - Vox (II), og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram  
(Mál nr. IV/M.521 - Viag/Sanofi)**

94/EES/48/15

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. 11. 1994 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem Viag AG öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, yfirráð, með hlutabréfa- og eignakaupum, yfir hluta af Sanofi, þ.e. aukefnum, tæknilegum hlaupefnum og starfsemi varðandi dýraleifar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
  - Viag: er þýsk fyrirtækjasamstæða sem starfar í efnaiðnaði, á sviði orkumála, með ál, eldraust efni, gler, umbúðafni, framleiðir pappír og annast flutninga.
  - Sanofi: er franskt fyrirtæki sem starfar á sviði heilbrigðismála (m. a. lyfjavörur, viðskipti með landbúnaðarmatvæli, ilmvoð og snyrtivörur).
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtíð. EB nr. C 334, 30. 11. 1994. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.521 - Viag/Sanofi, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
 Directorate-General for Competition (DG IV)  
 Merger Task Force  
 Avenue de Cortenberg 150  
 B-1049 Brussels

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram  
 (Mál nr. IV/M.534 - Bayer AG/Hoechst AG)**

**94/EES/48/16**

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. 11. 1994 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækin Bayer AG og Hoechst AG öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yferráð yfir fyrirtæki um sameiginlegt verkefni sem starfar á sviði textíllitarefna, með hlutabréfakaupum í nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
  - Bayer AG: Framleiðsla og sala á kemískum efnum og lyfjavörum
  - Hoechst AG: Framleiðsla og sala á kemískum efnum og lyfjavörum
  - textíllitarefni IV: Þróun, framleiðsla og sala á textíllitarefnum (TDS)
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtíð. EB nr. C 334, 30. 11. 1994. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.534 - Bayer AG/Hoechst AG, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
 Directorate-General for Competition (DG IV)  
 Merger Task Force  
 Avenue de Cortenberg 150  
 B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram  
(Mál nr. IV/M.532 - Cable and Wireless plc/Schlumberger Ltd.)**

94/EES/48/17

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. 11. 1994 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem Cable and Wireless plc og Schlumberger Ltd munu mynda fyrirtæki um sameiginlegt verkefni sem þau hafa sameiginleg yfirráð yfir, og sem mun veita olíu- og gasiðnaðinum og öðrum iðnaði verslunargagnaþjónustu, þjónustu varðandi hljóðmiðlun og þjónustu vegna virðisaukaskatts í gegnum fjarskiptanet sem gerð eru úr fjarskiptalínunum frá opinberum fjarskiptaáðilum víðs vegar um heiminn.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
  - Cable and Wireless: fjarskiptaþjónusta
  - Schlumberger:
    - þjónusta við olíusvæði: staðsetning og greining á olíu- og gaslindum; mælingar á jarðeðlisfræðilegum og landfræðilegum eiginleikum, þjónusta á sviði jarðskjálftafræða; þjónusta við borun og dælingu; borbúnaður; greining á staðsetningu uppspretta; þrýstidæling
    - mælingar og kerfi: mælitæki, stjórnunarkerfi, tengd fjarskiptaþjónusta og önnur þjónusta í tengslum við rafmagn, vatn og gas; vörur og kerfi vegna tölvugreiðslna og -kaupa, sjálfvirkur prófunarbúnaður og hugbúnaður til greiningarprófunar og smárásir.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 334, 30. 11. 1994. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.532 - Cable and Wireless plc/Schlumberger Ltd., og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.



**Stuðningur við millipjóðasamvinnu handverksfyrirtækja  
og lítilla fyrirtækja  
Útboð nr. 504/94**

94/EES/48/18

I. Innan ramma ákvörðunar ráðsins frá 14. 6. 1993 (L 161/68 frá 2. 7. 1993) um aðgerðaáætlun bandalagsins til margra ára fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, þar með talin handverksfyrirtæki, hrindir framkvæmdastjórnin í framkvæmd tilraunaáætlun í því skyni að efla tilraunasamvinnuverkefni til að aðstoða handverksfyrirtæki og lítil fyrirtæki við að koma á varanlegu samstarfi við sambærileg fyrirtæki í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins.

II. Ljóst er að millipjóðasamvinna handverksfyrirtækja og lítilla fyrirtækja á Evrópska efnahagssvæðinu er árangursrík leið fyrir þessi fyrirtæki til að auka þekkingu sína á mörkuðum í öðrum ríkjum og auka hagkvæmni í rekstri sínum með því að tileinka sér ólíka viðskiptahætti.

Þó er erfitt fyrir þessi fyrirtæki að finna sjálf ákjósanlega samstarfsaðila og mynda varanlegt samband við þá. Í flestum tilvikum er nauðsynlegt fyrir þau að ráðfæra sig við sérhæfð fyrirtæki vegna ráðgjafar og stuðnings.

III. Markmið tilraunaáætlunarinnar er því að aðstoða þessi fyrirtæki við að nýta sér kosti eins óskipts evrópsks markaðar með aðstoð samstarfs sem nýtur stuðnings reyndra fylgdarsamtaka.

Þessari auglýsingu er því beint til samtaka sem hafa mikla reynslu í ráðgjafarþjónustu og í að leiðbeina handverksfyrirtækjum og litlum fyrirtækjum og geta sannað hæfni sína í að skipuleggja millipjóðasamvinnu og stuðning við fyrirtæki. Millipjóðasamvinna getur verið um vörur og þjónustu, dreifingu og rannsóknir á nýjum mörkuðum.

Fjárhagsaðstoðin er ætluð ráðgjafar- og stuðningssamtökum til að koma tilraunaverkefnum til að þróa millipjóðasamvinnu fyrirtækja til framkvæmda.

Fyrirtæki og samtök í minnst tveimur ríkjum verða að taka þátt í hverju tilraunaverkefni.

Evrópska framkvæmdastjórnin getur greitt mest 50% af kostnaði við hvert samþykkt tilraunaverkefni að hámarki 20 000 ECU (evrópskar mynteiningar). Stuðningur evrópsku framkvæmdastjórnarinnar er háður árangri verkefnisins. Til dæmis verður fyrri hluti greiðslunnar greiddur fyrirfram eftir að styrkþegi hefur undirritað yfirlýsingu þar að lútandi. Fyrirframgreiðslan skal endurgreidd evrópsku framkvæmdastjórninni innan árs, hafi einhverjum af þremur áföngum sem lýst er í lið IV ekki verið náð. Seinni hluti greiðslunnar verður greiddur eftir að lokaskýrsla hefur verið lögð fram og samþykkt.

IV. Hvert verkefni skal vera í þremur áföngum:

1. Upplýsa fyrirtæki og undirbúa sameiginlega fundi fyrirtækja frá ýmsum ríkjum: val á þátttakendum, samræming vinnu og funda sérfræðinga frá ráðgjafarsamtökum í hlutaðeigandi ríkjum;
2. skipuleggja sameiginlega fundi fyrirtækja sem hafa orðið fyrir valinu og stuðningsfyrirtækja;
3. koma af stað samvinnuverkefnum og stuðningi við fyrirtæki: fylgja fundum eftir, val á viðeigandi samstarfsaðilum, aðstoð við þýðingar, undirbúningur samninga o.fl. Farið er fram á skýrsla um niðurstöður og greiningu á þeim verði lögð fram.

V. Samtök sem eiga hagsmuna að gæta eru beðin um að leggja fram tillögu ásamt lýsingu á verkefninu. Tillögurnar verða að innihalda eftirtaldar upplýsingar:

- heiti, staða og aðrar upplýsingar varðandi samtökin sem bera ábyrgð á verkefninu og framkvæmd þess, upplýsingar frá banka um stöðu samtakanna (ásamt virðisaukaskattsnúmeri, ef þörf krefur), svo og nafn þess aðila sem verður í forsvari fyrir verkefnið;
- heiti, staða og nánari upplýsingar um samstarfssamtökin;
- sönnun á sérfræðiþekkingu samtakanna á sviði ráðgjafar og stuðnings við samvinnu fyrirtækja;
- nákvæm lýsing á tilraunverkefninu ásamt framkvæmdaáætlun, einkum um að þróa tengsl milli fyrirtækja;
- nákvæm fjárhagsáætlun í ECU, þar sem fram kemur heildarandvirði verkefnisins (tekjur og gjöld), án virðisaukaskatts, og fjárhæð þess stuðnings sem farið er fram á að evrópska framkvæmdastjórnin veiti;
- tillagan skal vera það traust að hún verði ekki dregin til baka.

VI. Við val er tekið mið af eftirfarandi:

- gæðum tillögunnar, einkum með tilliti til:  
  
framkvæmanleika;  
  
notagildis fyrir hlutaðeigandi fyrirtæki;  
  
hæfni samtaka sem eru milliliðir á sviði samstarfs;  
  
að hvaða marki samtök eru reiðubúin að hafa samvinnu sín á milli og gæða þeirrar þjónustu sem þau veita fyrirtækjum. Sérstök áhersla skal lögð á að fylgja sameiginlegum fundum fyrirtækjanna eftir (sjá IV.3);
- fjárhagslegu mati;
- reynslu samtakanna: minnst 10 ára reynsla í ráðgjafarþjónustu og beinum stuðningi við handverksfyrirtæki og lítil fyrirtæki.

VII. Framlagning tillagna:

Unnt er að senda tillögur til evrópsku framkvæmdastjórnarinnar til ársloka 1995. Tillögurnar verða opnar og metnar þrisvar á ári miðað við eftirfarandi dagsetningar (póststimpill gildir):

1. 4. 1995, fyrir tillögur sendar fyrir 15. 3. 1995,
1. 7. 1995, fyrir tillögur sendar fyrir 15. 6. 1995,
1. 12. 1995, fyrir tillögur sendar fyrir 15. 11. 1995.

Tillögurnar skulu sendar í þríriti, í tveimur innsigliðum umslögum, í ábyrgðarpósti, og skal innra umslagið merkt „Appel d'offres n° 504/94“ á einu af opinberum tungumálum Evrópusambandsins. Tillögur sem eru yfir 10 síður, fyrir utan viðauka og sönnunargögn, koma ekki til álita.

Evrópska framkvæmdastjórnin áskilur sér rétt til að krefjast frekari upplýsinga sem talið er að skipti máli.

Evrópska framkvæmdastjórnin sendir hlutaðeigandi fyrirtækjum skriflegar upplýsingar um hvort tillögur þeirra hafi verið samþykktar en ber ekki skylda til að réttlæta ákvarðanir sínar eða endursenda gögnin sem henni voru send í kjölfar þessarar útboðsauglýsingar.

VIII. Allar aðrar upplýsingar fást hjá „European Commission, Directorate-General XXIII, „Enterprise Policy, Distributive Trades, Tourism and Cooperatives“, unit B/3 „Improvement of conditions for enterprise and market access“, rue d’Arlon 80, B-1049 Brussels, bréfasími (02) 295 21 54.

IX. Tillögur ber að senda á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission, Directorate-General XXIII-B, rue d’Arlon 80, office 4/44,  
B-1049 Brussels.

## DÓMSTÓLLINN

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna<sup>(1)</sup>

94/EES/48/19

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 15. september 1994 í máli C-146/91: Koinopraxia Enoseon Georgikon Synetairismon Diacheiriseos Enchorion Proionton (KYDEP) gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (sameiginleg skipulagning markaða fyrir korn - ósamningsbundin ábyrgð).

Dómur dómstólsins frá 28. september 1994 í máli C-7/93 (beiðni um forúrskurð frá Centrale Raad van Beroep): Bestuur van het Algemeen Burgerlijk Pensioenfonds gegn G.A. Beune (jöfn meðferð fyrir karla og konur - tilskipun 79/7/EBE - tilskipun 86/378/EBE - 119. gr. EBE-sáttmálans).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 28. september 1994 í máli C-65/94: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Belgíu (vanefnd skuldbindinga - tilskipun 90/167/EBE - skilyrði um tilreiðslu, markaðssetningu og notkun lyfjabætts fóðurs í bandalaginu).

Dómur dómstólsins frá 5. október 1994 í máli C-47/91: Lýðveldið Ítalía gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (niðurfelling aðgerða - ríkisaðstoð - bréf um að hefja málsmeðferð þá sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein 2. mgr. 93. gr. sáttmálans - aðstoð felld niður tímabundið - lýsing aðstoðar: ný aðstoð).

Dómur dómstólsins frá 5. október 1994 í máli C-165/91 (beiðni um forúrskurð frá Arbeidshof, Antwerpen): Simon J.M. van Munster gegn Rijksdienst voor Pensioenen (almannatryggingar - frjálsir flutningar launþega - jöfn meðferð fyrir karla og konur - ellilífeyrir - hækkun vegna maka á framfæri).

Dómur dómstólsins frá 5. október 1994 í máli C-400/92: Sambandslýðveldið Þýskaland gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (aðstoð vegna skipasmíða).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 5. október 1994 í máli C-55/93 (beiðni um forúrskurð frá Hoge Raad der Nederlanden): Sakamál á hendur Johannes Gerrit Cornelis van Schaik (vísun í forúrskurð - 5., 30., 36., 55., 62., 85. og 86. gr. EBE-sáttmálans - tilskipun ráðsins 77/143/EBE - prófanir á aksturshæfni vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra - innlend löggjöf til að greiða fyrir prófunum á aksturshæfni ásamt reglubundinni þjónustu við vélknúin ökutæki).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 5. október 1994 í sameinuðum málum C-133/93, C-300/93 og C-362/93 (beiðni um forúrskurð frá Pretura Circondariale di Caserta og Pretura Circondariale di Perugia): Antonio Crispolti gegn Fattoria Autonoma Tabacci, Giuseppe Natale gegn Donatab S.r.L. og Antonio Pontillo gegn Donatab S.r.L. (sameiginleg skipulagning á mörkuðum - óunnið tóbak - kerfi tryggðs hámarksagns - gildi reglugerða (EBE) nr. 1114/88 og 1738/91).

(<sup>1</sup>) Sjá Stjtið. EB nr. C 316, 12. 11. 1994.

Dómur dómstólsins (fyrsta deild) frá 5. október 1994 í máli C-151/93 (beiðni um forúrskurð frá Gerichtshof, Haag): Sakamál á hendur M. Voogd Vleesimport en -export BV (sameiginleg stefna í landbúnaðarmálum - útflutningsbætur - nafnaskrá yfir vörur sem verða endurgreiddar - alifuglakjöt - flokkun).

Dómur dómstólsins frá 5. október 1994 í máli C-255/93: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Frakklandi (málshöfðun vegna vanefndar á skuldbindingum - umbúðir fyrir drykkjarvörur - upptaka tilskipunar í landslög).

Dómur dómstólsins frá 5. október 1994 í máli C-280/93: Sambandslýðveldið Þýskaland gegn ráði Evrópusambandsins (bananar - sameiginleg skipulagning markaðarins - innflutningsreglur).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 5. október 1994 í máli C-355/93 (beiðni um forúrskurð frá Verwaltungsgericht Karlsruhe: Hayriye Eroglu gegn Land Baden-Württemberg) (samstarfssamningur milli EBE og Tyrklands - ákvörðun samstarfsráðsins - frjálsir flutningar launþega - búseturéttur).

Dómur dómstólsins frá 5. október 1994 í máli C-381/93: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Frakklandi (málaferli samkvæmt 169. gr. - flutningar á sjó - frelsi til að veita þjónustu).

Fyrirmæli dómstólsins frá 26. september 1994 í máli C-26/94 P: X gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (áfrýjun - ófullnægjandi rökstuðningur - mál ekki dómtækt).

Mál C-224/94: Beiðni um forúrskurð frá Arrondissementsrechtbank s'-Hertogenbosch samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 29. júlí 1994 í máli W. di Bie og 14 annarra og Coöperatie Zuivelcoöperatie Campina Melkunie BA.

Mál C-247/94, C-248/94 og C-249/94: Beiðni um forúrskurð frá Corte Suprema di Cassazione samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 2. maí 1994 í tveimur málum Amministrazione delle Finanze dello Stato gegn Cooperativa Lomellina di Cerealicoltori og í máli Amministrazione delle Finanze dello Stato gegn Cassa di Risparmio di Trieste - Banca SpA og Bruno Cavicchi.

Mál C-251/94: Beiðni um forúrskurð frá Tribunal Superior de Justicia de la Comunidad Autónoma del País Vasco (Sala de lo Social) frá 31. maí 1994 í máli Eduardo Lafuente Nieto og Instituto Nacional de la Seguridad Social og Tesorería General de la Seguridad Social.

Mál C-259/94: Mál höfðað þann 21. september 1994 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Grikklandi.

Mál C-260/94: Mál höfðað þann 21. september 1994 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Grikklandi.

Mál C-261/94 og C-262/94: Beiðni um forúrskurð samkvæmt fyrirmælum Giudice-Conciliatore, Trieste frá 8. september 1994 í málaferlum sem voru í gangi fyrir þeim dómstól milli Centralsped Srl og For Trans Srl og Ministero delle Finanze dello Stato.

Mál C-267/94: Mál höfðað þann 26. september 1994 af Lýðveldinu Frakklandi gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-268/94: Mál höfðað þann 26. september 1994 af Lýðveldinu Portúgal gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-270/94: Mál höfðað þann 26. september 1994 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Ítalíu.

Mál C-271/94: Mál höfðað þann 27. september 1994 af Evrópuþinginu gegn ráði Evrópusambandsins.

Mál C-272/94: Beiðni um forúrskurð frá Tribunal Correctionnel, Arlon, samkvæmt dómi þess dómstóls frá 1. september 1994 í máli Ministère Public gegn Michel Guiot; ábyrgur aðili samkvæmt einkarétti: Climatec SA.

Mál C-112/94 tekið af málaskrá.

### **Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi<sup>(1)</sup> 94/EES/48/20**

Fyrirmæli forseta dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 25. ágúst 1994 í máli T-156/94 R: Siderúrgica Aristrain Madrid SL gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-290/94: Mál höfðað þann 19. september 1994 af Kayserberg SA gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.